

Setja orð á alla hluti

Við spjöllum við börnin í hinum ýmsu daglegu athöfnum og nefnum heiti hluta og atburða sem koma fyrir í daglegum samskiptum við barnið. Við hermum eftir orðum og setningum barnanna með hvetjandi áherslu og leiðréttum framburði. Við notum lýsandi hugtök og orð, tölum skýrt og nákvæmt og veljum okkur samræður og orðaforða í samræmi við þroska þess er við er talað.